

## LÖG

um breyting á lögum nr. 107 27. desember 1973, um þörungavinnslu  
við Breiðafjörð, sbr. lög nr. 14/1975.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Við lögin bætist ný gr., 8. gr., sem orðist þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt að semja við hlutafélag, sem aðilar í Austur-Barðastrandar-sýslu hafi frumkvæði um að stofnað verði, um kaup eða leigu á eignum félagsins á því verði og með þeim kjörum sem um semst. Sú kvöð skal vera á eignunum að þær séu nýttar við áframhaldandi þörungavinnslu á Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu.

Heimilt er að lána kaupanda andvirði eignanna til alls að 15 ára og má lánið vera víkjandi þannig að greiðslubyrði verði háð afkomu hins nýja fyrirtækis. Verði gerður leigusamningur um eignir félagsins skal heimilt að semja svo um að hluti leigunnar gangi upp í kaupverð eignanna.

Verði um sölu á eignum Þörungavinnslunnar hf. að ræða skal hlutafélaginu Þörungavinnslunni hf. formlega slitið. Um félagsslit skal fara samkvæmt XIV. kafla laga nr. 32/1978, um hlutafélög, þó þannig að ríkissjóður ábyrgist greiðslur á réttmætum kröfum á hendur félaginu öðrum en hlutafé en yfirtekur jafnframt eignir þess.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 25. júní 1985.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Sverrir Hermannsson.*

## LÖG

um breytingu á lögum nr. 77 1. október 1981, um dýralækna, sbr.  
lög nr. 69 18. maí 1982, um breyting á þeim lögum.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Við 2. gr. laganna, sbr. l. nr. 69/1982, bætast þrjár nýjar málsg. er orðist svo:

Þá skal skipaður sérstakur dýralæknir fisksjúkdóma. Dýralæknirinn skal hafa aflað sér sérmenntunar á sviði fisksjúkdóma og hafa réttindi og skyldur héraðsdýralækna. Hann skal, undir stjórn yfirdýralæknis, sinna vörnum, sjúkdómsgreiningu og reglubundnu eftirliti á